

UMRÆÐAN Aðsent efni

Lestur, lífsgæði og mat á færni

Eftir Arnór Guðmundsson

Fimmtudagur, 14. febrúar 2019



Eftir Arnór Guðmundsson:
„Sjálfvirkur og fyrirhafnarlaus lestur er eftirsóknarverður. Lesari sem breytir bókstöfum sjálfkrafa í orð getur einbeitt sér að innihaldi textans.“



Arnór Guðmundsson

Lestrarfærni grunnskólabarna hefur áhrif á allt þeirra nám, tækifæri og lífsgæði til framtíðar.

Á undanförunum áratugum hafa sterkar vísendingar borist um að íslensk börn hafi í lestri staðið jafnöldrum sínum í mörgum samanburðarlöndum að baki. Með sameiginlegu átaki helstu áhrifavalda í skólasamfélaginu hefur lestur hins vegar fengið aukna athygli. Umræða hefur aukist og metnaðarfull lestrarverkefni hafa orðið til. Kennarar hafa fengið ný og bætt lestrarmælitæki og nú leggur mikill meirihluti lestrarkennara svokölluð lesfimiþróf fyrir sína nemendur til að meta stöðu þeirra.

Lesfimiþrófin eru afrakstur samstarfs Menntamálastofnunar og sérfræðinga í læsi. Þau mæla lestrarhraða, lestrarnákvæmni og lestrarlag, sem eru mikilvægir þættir í lestrarfærni barna. Þau hafa jafnframt reynst vera mikil hvatning fyrir foreldra og börn til að lesa meira, enda eru prófin endurtekin reglulega og niðurstöðurnar birtar myndrænt svo auðvelt er að sjá þróun frá einu tímabili til annars.

Annað veiðið skýtur upp kollinum gagnrýni á lesfimiþrófin – síðast í grein Hermundar Sigmundssonar í Morgunblaðinu 10. febrúar – þar sem helst er gagnrýnt að áhersla sé lögð á lestrarhraða. Rétt er að ítreka það sem nefnt er að ofan, að fleiri þættir lestrarfærni eru mældir en hraðinn, sem í sjálfu sér er ekki eftirsóknarverður. Hins vegar er sjálfvirkur og fyrirhafnarlaus lestur sannarlega eftirsóknarverður og hann næst fyrst og fremst með æfingu og elju. Til að lesari geti einbeitt sér að innihaldi texta þarf hann að geta breytt bókstöfum í hljóð og orð með sjálfvirkum hætti, án fyrirhafnar og mikils álags á minni, en það leiðir til aukins svigrúms fyrir hugsun um innihald textans eða lesskilninginn. Lesfimin er því ein forsenda góðs lesskilnings. Gott lestrarlag og hrynjandi þykir svo til marks um að nemandinn hafi skilið efni textans í megindráttum.

Lesfimiþrófin eru byggð á traustum vísindalegum grunni. Hundruð rannsókna menntavísindafólks um allan heim sýna að lestrarhraði, nákvæmni og gott lestrarlag mynda mikilvægar undirstöður undir læsi barna til framtíðar. Ein og sér gefa lesfimiþrófin ekki fullnægjandi mynd af lestrarfærni nemenda og það er brýnt að nota einnig önnur og fjölbreyttari matstæki.

Þetta er mikilvægt að hafa í huga og þetta skilja kennarar. Lesfimiþrófin hafa sannað gildi sitt og nú er svo komið að yfir 90% grunnskólanemenda þreyta þau. Prófin eru orðin sjálfsagður og eðlilegur hluti af skólastarfinu í landinu, þrátt fyrir að kennurum sé ekki skylt að leggja þau fyrir nemendur. Kennarar velja sjálfir að gera það, enda sjá þeir afraksturinn, hafa góðan skilning á aðstæðum og vita að mikilvægt er að börn fái endurgjöf með stöðumati í grundvallarnámsgreinum. Matinu er enda ætlað að styðja við nemendur og búa þá betur undir lífið.

Höfundur er forstjóri Menntamálastofnunar. arn-or.gudmundsson@mms.is

[Morgunblaðið 14.2.19, bls. 45 • Orðafjöldi: 425 • PDF-útgáfa]



FIMMTUDAGUR, 14. FEBRÚAR 2019

- Fréttir
- Ritstjórnargreinar
- Menning

■ Umræðan

- Minningargreinar
- Viðskipti

- Daglegt líf
- Fastir þættir

- Íþróttir

- Viðskiptablað

- Ýmis aukablöð

VIKAN

■ Fimmtudagur, 14. febrúar 2019

- Miðvikudagur, 13. febrúar 2019
- Þriðjudagur, 12. febrúar 2019

- Mánudagur, 11. febrúar 2019

- Laugardagur, 9. febrúar 2019

- Föstudagur, 8. febrúar 2019

SÉRBLÖÐ Í VIKUNNI

- Sunnudagsblað

- Viðskiptablað

- Ýmis aukablöð [fim. 14.2.]

- Ýmis aukablöð [fös. 8.2.]

Forsíða

mbl.is

Leita

Facebook

Twitter

Auglýsingar

Vinsælast á mbl.is

Auðlesinn mbl.is

RSS

Mest lesið

Fréttir vikunnar

Senda frétt til mbl.is

Síðustillingar

Um mbl.is

Hafðu samband

Morgunblaðið

- Lesa blaðið
- Spjaldtölvu- og snjallsímaútgáfa
- Leiðarar, Staksteinar og Reykjavíkurbref
- Kaupa eintak
- Gerast áskrifandi
- Sækja um starf

- Senda frétt
- Senda grein
- Nýir borgarar
- Greinar
- Myndir

- Pantar auglýsingu
- Verðskrá auglýsinga
- Moggaklúbbur
- Fréttaritara
- Advertisers

- Senda inn minningargrein
- Senda inn andláts-, útfarar- eða pakkartilkyrningu
- Lesa minningargreinar
- Pantar minningabók

ÁRVAKUR

Morgunblaðið | mbl.is | Iceland Monitor | FINNA

| Edda útgáfa | K100 | blog.is | Landsprent

mbl.is/Árvakur hf. © 2019 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100

Fréttadeild mbl.is | Tækni deild mbl.is